

Mál nr. 85/2016**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X og
ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.****Áræktur á Miklubraut 9. desember 2014.****Gögn.**

Málskot, móttækið 18.3.2016, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 22.3.2016 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur hafi orðið með bifreiðum A og B þegar þær lentu saman á Miklubraut með þeim hætti að bifreið A var ekið til vinstri utan í bifreið B, sem þannig lenti utan í grindverki sem aðskilur akreinar á götunni. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið með þessum hætti vegna veghefils sem hafi skyndilega ekið af fráreið inn á Miklubrautina þvera, í veg fyrir bifreið A og hafi hann reynt að forða áræstri við veghefilinn með aksturslagi sínu. Ökumaður bifreiðar B ber þannig að hann hafi ekið um Miklubraut og bifreið A hafi verið ekið frá akreini hægra megin á bifreið B með sömu afleiðingum og ökumaður bifreiðar A lýsir. Í skýrslu stjórnanda veghefilsins kemur fram að hann hafi verið við vinnu við Miklubraut og hafi þurft að aka inn á götuna til að snúa við. Hann hafi verið kyrrstæður í nokkra stund þegar bifreiðar hafi nálgast á nokkurri ferð eftir Miklubraut og það hafi síðan orðið áræktur með tveimur bifreiðum. Ökumaður veghefilsins segir einnig að gul blikkandi viðvörðunarljós hafi verið notuð við vinnu hans í greint sinn svo vegfarendur gætu brugðist við. Í gögnum málsins er einnig að finna framburð vitnis sem var við akstur um Miklubraut á sama tíma. Í þeim framburði kemur fram að vitnið hafi ekið á eftir bifreiðum sem hafi nauðhemlað þegar veghefill hafi þverað Miklubraut.

V telur að það megi rekja áræktur bifreiðanna A og B til þess að ökumaður veghefilsins hafi ekið í veg fyrir bifreiðarnar inn á Miklubraut og þannig sýnt gáleysi við aksturinn. Bætur hafa verið greiddar úr ábyrgðartryggingu X hjá V og hefur V krafist X um greiðslu sjálfsábyrgðar vegna tjónagreiðslanna.

M telur að tjónið á bifreiðum A og B verði fyrst og fremst rakið til þess að sjálfir ökumenn bifreiðanna hafi sýnt gáleysi við aksturinn. M vísar til þess að veghefillinn hafi verið öllum ökumönnum um Miklubraut sýnilegur í ljósi stærðar hans, viðvörðunarljósa sem hafi verið blikkandi. Veghefillinn hafi ekki getað birst skyndilega í ljósi stærðar hans auk þess sem M telur að framburður vitnis í málinu sé ekki áreiðanlegur.

Álit.

Þegar litið er til þess sem kemur fram í gögnum málsins um akstur bifreiðanna A og B sem og akstur veghefilsins verður ekki annað lagt til grundvallar en að vegheflinum hafi verið ekið út á Miklubraut í sömu mund og áræktur varð með bifreiðum A og B. Ökumönnum farartækja, bifreiðum og vinnuvélum, ber að haga akstri eftir umferðarlögum nr. 50/1987. Í 3. mgr. 25. gr. þeirra kemur fram að þeir sem aka út á veg af bifreiðastæði, lóð landareign, bensínstöð eða svipuðu svæði eða af götuslóða, stíg, göngugötu, vistgötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af gangstétt eða vegaröxl skuli veita umferð um vegin forgang. Verða aðstæður við og á Miklubraut ekki túlkaðar með öðrum hætti en að þeir sem aka inn á akbraut Miklubrautar verði að veita umferð um hana forgang. Í þessu máli verður því ekki litið öðruvísi á en að stjórnandi veghefilsins hafi átt að veita bifreiðunum A og B forgang við akstur um Miklubraut og verður ekki litið svo á að blikkandi viðvörðunarljós á vegheflinum breyti þeim forgangi og telst tjónið sem um ræðir að öllu leyti rakið til þess að forgangur var ekki virtur. Ekki hafa komið fram í málinu gögn sem sýna að ökumenn bifreiðanna A og B hafi sýnt gáleysi við aksturinn þannig að þeir beri sök á áræstrinum. Verður tjón á bifreiðunum A og B því rakið til skaðabótaábyrgðar X og staðfestist

Því greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V skv. váttryggingarsamningi. Ekki hefur annað komið fram en að í þeim samningi hafi verið ákvæði um sjálfsábyrgð X sem V á þá rétt á að krefjast greiðslu á.

Niðurstaða.

Bætur vegna tjóns á bifreiðunum A og B greiðast úr ábyrgðartryggingu X hjá V og V er heimilt að krefjast greiðslu sjálfsábyrgðar skv. váttryggingarsamningi.

Reykjavík, 10. maí 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.